

17. maí 2024

Alþingi

Kirkjustræti

150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um opinber skjalasöfn, 938. mál.

Undirritaðir eru héraðsskjalaverðir og umsögnin er send í nafni þeirra stofnanna sem við veitum forstöðu.

Ekki var haft samráð við vinnslu frumvarpsins við héraðsskjalaverði, þó svo þeir hafi mesta reynslu og þekkingu á skjalavörslu sveitarfélaga.

Fullt jafnræði þarf að vera á milli sveitarfélaga hvort sem skjalasöfn þeirra eru varðveitt hjá héraðsskjalasafni eða Þjóðskjalasafni Íslands. Heimildir til gjalddöku skapa ekki jafnræði séu þær ekki nýttar eins og raunin hefur verið til þessa. Jafnræði á milli sveitarfélaga sem eiga og reka opinber skjalasöfn, héraðsskjalasöfn, og þeirra sveitarfélaga sem eru afhendingarskyld á Þjóðskjalasafn Íslands kallar á að öll sú þjónusta sem Þjóðskjalasafn veitir vegna safngagna o.s.frv. sé kostnaðarmetin og sá kostnaður sé greiddur af viðkomandi sveitarfélagi. Opinber skjalasöfn eiga ekki að vera samkeppnisvara milli skjalasafna. Margoft hefur verið bent á að festa fæst ekki í skjalavörslu sveitarfélaga nema með skylduáðild þeirra að héraðsskjalasafni.

1. gr. frumvarpsins þarf að endurskoða þannig að lögheimilt verði að sameina héraðsskjalasöfn í stað þess að safngögn séu afhent Þjóðskjalasafni Íslands til vörslu. Það stuðlar að jafnræði á milli sveitarfélaga.

Öll opinber skjalasöfn eru að vinna að móttöku rafrænna gagnasafna hvort sem sveitarfélög eru með það í huga að fara úr pappírsskilum næstu árin eður ei. Móttaka á rafrænum gagnasöfnum er samvinnuverkefni starfandi héraðsskjalasafna og hafa þau þegar tekið á móti á fjölda afhendinga frá sveitarfélögum og stofnunum þeirra víða um land. Tryggja verður jafnræði milli sveitarfélaga hvað þetta varðar, þ.e.a.s. gjaldskrárheimildir þurfa að taka til allra þátta langtíma vörslu rafrænna gagnasafna.

Undirritað eru ætíð tilbúin að koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að ræða málefni héraðsskjalasafna og skjalavörslu sveitarfélaga.

Fyrir hönd

Héraðsskjalasafns Árnesinga,
Héraðsskjalasafns Dalasýslu og
Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar

Þorsteinn Tryggvi Músson héraðsskjalavörður Árnesinga,
Valdís Einarsdóttir héraðsskjalavörður Dalamanna og
Birna Mjöll Sigurðardóttir héraðsskjalavörður Mosfellinga

Undirritað eftir umboði, Þorsteinn Tryggvi Músson héraðsskjalavörður

Héraðsskjalasafn
Árnesinga